



SVEITARFÉLAGIÐ ÖLFUS

RÁÐHÚSI ÖLFUSS • HAFNARBERGI 1 • 815 ÞORLÁKSHÖFN • SÍMI 480 3800 • FAX 480 3801

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti
Hinrik Greipsson
Skúlagötu 4
150 Reykjavík

SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ	
Skj.n.	10. 7. 2
Innk.	19. JAN. 2012
Abm.	HG
Fskj.	
SLR	11100039

Þorlákshöfn, 18. janúar 2012
1112043 ÓÓÓ

Efni: Tillaga um sérstök skilyrði vegna úthlutunar byggðakvóta í Þorlákshöfn.

Vísa í bréf yðar dags. 21. desember s.l. þar sem tilkynnt er um úthlutun byggðakvóta til Þorlákshafnar alls 300 þorskígildistonn og sveitarstjórn gefinn kostur á að leggja til við ráðuneytið að sett verði sérstök skilyrði varðandi úthlutun byggðakvóta sveitarfélagsins og skal skila inn rökstuddum tillögum eigi síðar en 20. janúar n.k.

Bæjarráð Ölfus tók erindið fyrir á fundi sínum fimmtudaginn 18. janúar s.l. og samþykkti eftirfarandi tillögur,

Úthlutunum byggðakvóta, alls 300 þorskígildistonn verði þannig úthlutað, að 35% verði skipt jafnt á milli allra skipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðar nr. 1182/2011 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2011/2012. Hinn hlutinn 65% skiptist á skip á grundvelli alls landaðs afla sem telur til aflamarks á fiskveiðiarinu 2010/2011.


Rökin felast í eftirfarandi:

1. Sanngirniss- og jafnræðissjónarmið, þ.e. að láta alla þá sem uppfylla skilyrðin njóta hluta byggðakvótans, stóra sem smáa, enda hefur rekstur allra skipanna ellefu áhrif á atvinnuástand í sveitarfélaginu.

Eins og fram kemur er óskað eftir því við ráðuneytið að gerðar verði breytingar á reglugerð um úthlutun byggðakvóta fyrir Þorlákshöfn þannig að 35% af byggðakvóta verði úthlutað jafn á þau skip sem til greina koma samkvæmt reglugerðinni, en 65% verði úthlutað eftir lönduðum afla sem telur til aflamarks á fiskveiðiarinu 2010/2011, hvar sem honum er landað á landinu. Helstu rök fyrir því eru að afla hefur verið landað í öðrum höfnum landsins en ekið til vinnslu í Þorlákshöfn. Varðandi úthlutun 35% kvótans er það mat bæjarráðs að til að gæta sanngirnissjónarmiða og allir þeir aðilar sem hafa eða eiga báta þrátt fyrir að ráða ekki yfir aflaheimildum né hafi aflareynslu fái einhverjum tonnum úthlutað.

Tilkynnist yður hér með.

Virðingarfyllst,


Ólafur Örn Ólafsson
Bæjarstjóri

